

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/33/EB

2008/EES/78/18

frá 26. maí 2003

um samræmingu laga og stjórnisýslufyrirmæla aðildarríkjanna varðandi auglýsingu tóbaksvara og kostun í tengslum við þær^(*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr., 55. og 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽²⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Mismunur er á ákvæðum í lögum og stjórnisýslufyrirmælum aðildarríkjanna um auglýsingu tóbaksvara og kostun í tengslum við þær. Þessi auglýsing og kostun fer í vissum tilvikum yfir landamæri aðildarríkja eða varðar alþjóðlega viðburði og telst til starfsemi sem heyrir undir 49. gr. sáttmálans. Mismunur á innlendra löggjöf gæti í vaxandi mæli leitt til hindrana á frjálsum flutningum milli aðildarríkjanna á vörum eða þjónustu sem liggja til grundvallar slíkri auglýsingu og kostun. Þegar hefur orðið vart við tilteknar hindranir í tengslum við auglýsingar í fréttamiðlum. Með kostun eykst röskun samkeppnis skilyrða að öllum líkindum og nú þegar hefur borið á slíku í tengslum við skipulagningu tiltekinna íþrótt- og menningarviðburða.
- 2) Ryðja skal þessum hindrunum úr vegi og í því skyni skal í ákveðnum tilvikum samræma reglur um auglýsingu tóbaksvara og kostun í tengslum við þær. Umfram allt verður að tilgreina í hvaða mæli tóbaksauglýsingar eru leyfðar í ákveðnum flokkum útgefins efnis.
- 3) Samkvæmt 3. mgr. 95. gr. sáttmálans skal framkvæmdastjórnin, í tillögum sínum um myndun og starfsemi innri markaðarins á sviði heilbrigðis, gera ráð fyrir viðtækri vernd. Einnig skulu Evrópuþingið og ráðið, hvort á sínu valdsviði, leitast við að ná þessu markmiði. Löggjöf aðildarríkjanna, sem á að samræma, er ætlað að vernda lýðheilsu með því að setja reglur um auglýsingu tóbaks, sem er ávanabindandi vara og veldur hálfri milljón dauðsfalla í Bandalaginu ár hvert, og komast þannig hjá

því að ungmenni byrji á unga aldri að reykja vegna áhrifa frá auglýsingum og verði háð reykingum.

- 4) Umtalsverð hætta er á að frjáls dreifing útgefins efnis á borð við tímarit, dagblöð og önnur blöð á innri markaðnum mæti hindrunum í formi laga og stjórnisýslufyrirmæla aðildarríkjanna sem banna eða setja reglur um auglýsingu tóbaks í þessum miðlum. Til þess að tryggja frjálsa dreifingu slíkra miðla á öllum innri markaðnum er nauðsynlegt að takmarka tóbaksauglýsingar í þeim við blöð og tímarit sem ekki eru ætluð almenningi, s.s. útgefið efni, sem eingöngu er ætlað fagfólki í tóbaksíðnaði, og útgefið efni sem er prentað og gefið út í þriðju löndum en ekki aðallega ætlað fyrir markað Bandalagsins.
- 5) Lög og stjórnisýslufyrirmæli aðildarríkjanna um tilteknar tegundir kostunar tóbaksvara, sem hafa áhrif yfir landamæri, fela í sér umtalsverða hættu á því að samkeppnis-skilyrði þessarar starfsemi raskist á innri markaðnum. Til að komast hjá slíkri röskun er nauðsynlegt að banna slíka kostun starfsemi eða viðburða sem eingöngu hafa áhrif yfir landamæri, sem annars gæti verið leið til að sniðganga takmarkanir á beinum auglýsingum, án þess að setja reglur um kostun innanlands.
- 6) Þjónusta upplýsingasamfélagsins er í vaxandi mæli notuð til að auglýsa tóbaksvörur eftir því sem neysla og aðgangur almennings að slíkri þjónustu eykst. Slík þjónusta, auk hljóðvarpsútsendinga, sem einnig er hægt að útvarpa með því að nota þjónustu upplýsingasamfélagsins, höfðar sérstaklega til ungra neytenda og er þeim nærtæk. Eðli sínu samkvæmt ná tóbaksauglýsingar í báðum þessum miðlum yfir landamæri og skulu settar um þær reglur á vettvangi Bandalagsins.
- 7) Ókeypis dreifing tóbaksvara er takmörkuð í nokkrum aðildarríkjum þar eð miklar líkur eru á að þær leiði til ávanabindingar. Ókeypis dreifing hefur átt sér stað í tengslum við kostun viðburða, sem hefur áhrif yfir landamæri, og skal hún þar af leiðandi bönnuð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 152, 20.6.2003, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 150/2006 frá 8. desember 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 29.3.2007, p. 17.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 270 E, 25.9.2001, bls. 97.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 36, 8.2.2002, bls. 104.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 20. nóvember 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 27. mars 2003.

- 8) Alþjóðlegir staðlar, sem gilda um auglýsingu tóbaksvara og kostun í tengslum við þær, eru viðfangsefni samningaviðræðna um drög að rammasamningi Alþjóðheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir. Með þessum samningaviðræðum er ætlunin að semja bindandi alþjóðareglur til fyllingar reglunum í þessari tilskipun.
- 9) Framkvæmdastjórnin skal semja skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar. Gera skal ráð fyrir því í viðeigandi áætlunum Bandalagsins að fylgst verði með áhrifum þessarar tilskipunar á lýðheilsu.
- 10) Aðildarríkin skulu gera viðunandi og skilvirkar ráðstafanir til að tryggja eftirlit með framkvæmd ráðstafana sem þau samþykkja samkvæmt þessari tilskipun í samræmi við innlenda löggjöf sína, eins og kveðið er á um í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins um þýðingu viðurlaga í tengslum við framkvæmd á löggjöf Bandalagsins um innri markaðinn og í ályktun ráðsins frá 29. júní 1995 um skilvirka, samræmda beitingu laga Bandalagsins og um viðurlög við brotum á lögum Bandalagsins á innri markaðinum ⁽¹⁾. Slíkar ráðstafanir skulu ná yfir ákvæði sem gefa einstaklingum eða stofnunum með lögmæta hagsmuni af stöðvun starfsemi, sem stríðir gegn þessari tilskipun, möguleika á ihlutun.
- 11) Þau viðurlög, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, skulu vera með fyrirvara um önnur viðurlög eða réttarúræði að landslögum.
- 12) Í þessari tilskipun eru settar reglur um auglýsingu tóbaksvara í öðrum miðlum en sjónvarpi, þ.e. fréttamiðlum og öðru útgefnu, prentuðu efni, hljóðvarpsútsendingum og í tengslum við þjónustu upplýsingasamfélagsins. Einnig eru settar reglur um kostun tóbaksfyrirtækja á hljóðvarpsútsendingum, viðburðum eða starfsemi sem varða eða eiga sér stað í nokkrum aðildarríkjum eða hafa áhrif yfir landamæri á annan hátt, þ.m.t. dreifing á tóbaksvörum sem eru ókeypiss eða með afslætti. Aðrar tegundir auglýsinga, s.s. óbeinar auglýsingar, auk kostunar á viðburðum eða starfsemi án áhrifa yfir landamæri, falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar. Með fyrirvara um sáttmálann geta aðildarríkin haldið áfram að setja reglur um þessi mál eftir því sem þau telja nauðsynlegt til þess að tryggja heilbrigði manna.
- 13) Auglýsingar á lyfjum, sem ætluð eru mönnum, falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ⁽²⁾. Auglýsingar á vörum, sem ætlað er að venja fólk af tóbaksfíkn, falla ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar.
- 14) Tilskipun þessi skal vera með fyrirvara um tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur, sem bannar allar tegundir sjónvarpsauglýsinga á vindlingum og öðrum tóbaksvörum. Í tilskipun 89/552/EBE er kveðið á um að sjónvarpsdagskrár megi ekki vera kostaðar af fyrirtækjum ef meginumsvif þeirra felast í því að framleiða og selja vindlinga og aðrar tóbaksvörur eða veita þjónustu sem bannað er að auglýsa samkvæmt þeirri tilskipun. Fjarkaup á tóbaksvörum eru einnig bönnuð með tilskipun 89/552/EBE.
- 15) Fjölbjóðlegir eiginleikar auglýsinga eru viðurkenndir með tilskipun ráðsins 84/450/EBE frá 10. september 1984 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um villandi auglýsingar ⁽³⁾. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB frá 5. júní 2001 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum ⁽⁴⁾ eru ákvæði um notkun villandi vörulýsinga við merkingu tóbaksvara, sem einnig er viðurkennt að hafi áhrif yfir landamæri.
- 16) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/43/EB frá 6. júlí 1998 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum ⁽⁵⁾ var ógilt hjá Dómstólnum í máli C-376/98, *Sambandslýðveldið Þýskaland gegn Evrópuþinginu og ráði Evrópusambandsins* ⁽⁶⁾. Því ber að líta á tilvísun í tilskipun 98/43/EB sem tilvísun í þessa tilskipun.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 298, 17.10.1989, bls. 23. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/36/EB (Stjtið. EB L 202, 30.7.1997, bls. 60).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 250, 19.9.1984, bls. 17. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/55/EB (Stjtið. EB L 290, 23.10.1997, bls. 18).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 194, 18.7.2001, bls. 26.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 213, 30.7.1998, bls. 9.

⁽⁷⁾ Dómasafn EB (ECR) 2000, I-8419.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 188, 22.7.1995, bls. 1.

17) Í samræmi við meðalhófsregluna er nauðsynlegt og við hæfi að mæla fyrir um ákvæði, að því er varðar auglýsingu tóbaksvara og kostun í tengslum við þær, til að ná því grundvallarmarkmiði að innri markaðurinn starfi eðlilega. Með þessari tilskipun er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur til þess að settum markmiðum verði náð í samræmi við þriðju málsgrein 5. gr. sáttmálans.

18) Í þessari tilskipun eru grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum einkum fylgt sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Með þessari tilskipun er einkum leitast við að tryggja að grundvallarréttindi tjáningarfrelsisins séu haldin í heiðri.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Markmið tilskipunar þessarar er að samræma lög og stjórn-sýslufyrirmæli aðildarríkjanna um auglýsingu tóbaksvara og kostun í tengslum við þær:

- í fréttamiðlum og öðru útgefni, prentuðu efni,
- í hljóðvarpsútsendingum,
- í þjónustu upplýsingasamfélagsins og
- með kostun í tengslum við tóbak, þ.m.t. ókeypis dreifing tóbaksvara.

2. Tilskipun þessari er ætlað að tryggja frjálsa dreifingu viðkomandi miðla og tengdrar þjónustu og ryðja úr vegi hindrunum á starfsemi innri markaðarins.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „tóbaksvörur“: vörur sem á að reykja, söga að sér, sjúga eða tyggja svo framfarlega sem þær eru úr tóbaki, jafnvel að hluta til,
- „auglýsing“: hvers konar viðskiptaorðsending sem hefur það markmið eða þau beinu eða óbeinu áhrif að kynna tóbaksvöru,
- „kostun“: hvers konar opinbert framlag eða einkaframlag til viðburðar, starfsemi eða einstaklings sem hefur það markmið eða þau beinu eða óbeinu áhrif að kynna tóbaksvöru,
- „þjónusta upplýsingasamfélagsins“: þjónusta í skilningi 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsinga-

skipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu upplýsingasamfélagsins ⁽¹⁾.

3. gr.

Auglýsingar í prentmiðlum og í þjónustu upplýsingasamfélagsins

1. Takmarka skal auglýsingar í fréttamiðlum og öðru útgefni, prentuðu efni við útgefið efni sem eingöngu er ætlað fagfólki í tóbaksíðnaði og útgefið efni sem er prentað og gefið út í þriðju löndum en ekki aðallega fyrir markað Bandalagsins.

Banna skal aðrar auglýsingar í fréttamiðlum og öðru útgefni, prentuðu efni.

2. Auglýsingar, sem ekki eru leyfðar í fréttamiðlum og öðru útgefni, prentuðu efni, skulu ekki leyfðar í þjónustu upplýsingasamfélagsins.

4. gr.

Útvarpsauglýsingar og kostun

- Banna skal hvers kyns útvarpsauglýsingar tóbaksvara.
- Útvarpsdagskrár mega ekki vera kostaðar af fyrirtækjum ef meginumsvif þeirra felast í því að framleiða og selja tóbaksvörur.

5. gr.

Kostun viðburða

1. Banna skal kostun viðburða eða starfsemi sem varða eða eiga sér stað í nokkrum aðildarríkjum eða hafa áhrif yfir landamæri á annan hátt.

2. Banna skal ókeypis dreifingu tóbaksvara í tengslum við kostun viðburða, sem um getur í 1. mgr., sem hefur það markmið eða beinu eða óbeinu áhrif að kynna tóbaksvöru.

6. gr.

Skýrsla

Eigi síðar en 20. júní 2008 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar. Skýrslunni skulu fylgja allar tillögur um breytingar á þessari tilskipun sem framkvæmdastjórnin telur nauðsynlegar.

(¹) Stjótið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 98/48/EB (Stjótið. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18).

7. gr.

Viðurlög og framfylgd

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn innlendum ákvæðum, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar reglur í síðasta lagi á þeim degi sem er tiltekinn í 10. gr. og skulu tilkynna án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þær.

Í þessum reglum skulu vera ákvæði sem tryggja að einstaklingar eða stofnanir, sem samkvæmt innlendra löggjöf geta réttlætt lögmæta hagsmuni af að koma í veg fyrir auglýsingu, kostun eða annað sem er ósamrýmanlegt þessari tilskipun, geti hafið málsókn gegn slíkri auglýsingu eða kostun eða vakið athygli stjórnslustofnunar, sem annaðhvort er til þess bær að kveða upp úrskurð um kærur eða hefja viðeigandi málarekstur, á slíkri auglýsingu eða kostun.

8. gr.

Frjálsir flutningar á vörum og þjónustu

Aðildarríkin skulu ekki banna eða takmarka frjálsa flutninga á vörum og þjónustu sem samrýmast þessari tilskipun.

9. gr.

Tilvísanir í tilskipun 98/43/EB

Líta ber á tilvísun í ógiltu tilskipunina 98/43/EB sem tilvísun í þessa tilskipun.

10. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. júlí 2005. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

11. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

12. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. maí 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. DRYS

forseti.